



# Íslandsbanki hf.

## AFKOMA FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2018 (ÓENDURSKOÐAÐ)

### Helstu atriði í afkomu 1F2018

- Hagnaður eftir skatta var 2,1 ma. kr. (1F17: 3,0 ma.kr.) og var arðsemi eigin fjár 4,8% á fjórðungnum (1F17: 7,0%).
- Hagnaður af reglulegri starfsemi var 2,9 ma. kr. (1F17: 3,5 ma. kr.) og var arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 15% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) 8,2% á fjórðungnum (1F17: 10,6%).
- Hreinar vaxtatekjur jukust um 4,6% og voru 7,7 ma. kr. (1F17: 7,4 ma. kr) Vaxtamunur var 2,9% (1F17: 2,9%).
- Hreinar þóknatekjur voru 2,8 ma. kr. (1F17: 3,3 ma. kr.) sem er lækkun um 15% frá 1F17 og má að mestu rekja til lækkunar á þóknatekjum í tveimur dótturfélögum bankans.
- Stjórnunarkostnaður án einskiptisliða var 6,8 ma. kr. á 1F18 sem er 7,3% hækkun frá 1F17 en sé tekið tillit til verðbólgu fyrir tímabilið, þá var hækkunin 2,9%. Hækkunina má að mestu rekja til kostnaður vegna innleiðingar á nýjum grunnkerfum bankans fyrir innlán og greiðslumiðlun en gert er ráð fyrir að því verkefni ljúki síðar á árinu. Einnig höfðu samningsbundnar launahækkanir áhrif til hækkunar á kostnaði.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 2,8% (21 ma. kr.) á 1F18 eða í 776 ma. kr. Ný útlán á fjórðungnum voru 42 ma. kr. og dreifðust vel á milli viðskiptaeininga bankans á meðan innlán frá viðskiptavinum hækkuðu um 1,4% eða 8,2 ma.kr. frá árslokum 2017 (heildarinnlán voru 575 ma. kr.).
- Lausa- og eiginfjárstaða bankans er áfram sterk og umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.

### Lykiltölur frá 1F2018

		1F18	4F17	3F17	2F17	1F17
<b>REKSTUR</b>	Arðsemi eigin fjár 15% CET1 (af reglulegri starfsemi) <sup>1</sup>	<b>8,2%</b>	10,8%	8,1%	11,8%	10,6%
	Arðsemi eigin fjár (eftir skatta), %	<b>4,8%</b>	7,0%	4,7%	11,3%	7,0%
	Vaxtamunur (af heildareignum), %	<b>2,9%</b>	2,8%	2,8%	3,0%	2,9%
	Kostnaðarlutfall, % <sup>2</sup>	<b>69,8%</b>	69,2%	62,7%	58,3%	60,1%
	Hagnaður eftir skatta, ISK m	<b>2.097</b>	3.112	2.073	4.997	3.044
	Hagnaður af reglulegri starfsemi, ISK m <sup>3</sup>	<b>2.881</b>	3.670	2.812	3.860	3.506
		<b>31.3.2018</b>	31.12.2017	30.9.2017	30.6.2017	31.3.2017
<b>EIGIÐ FÉ</b>	Eigið fé samtals, ISK m	<b>166.337</b>	181.045	177.819	175.928	170.765
	Eiginfjárlutfall A, %	<b>20,3%</b>	22,6%	22,5%	23,3%	22,8%
	Eiginfjárlutfall, %	<b>21,4%</b>	24,1%	22,7%	23,5%	23,1%
	Vogunarlutfall	<b>14,3%</b>	16,2%	15,3%	15,7%	15,5%
<b>EFNAHAGUR</b>	Eignir samtals, ISK m	<b>1.088.308</b>	1.035.822	1.077.623	1.047.221	1.028.808
	Áhættugrunnur, ISK m	<b>795.923</b>	775.492	767.536	736.310	730.120
	Útlán til viðskiptavina, ISK m	<b>776.149</b>	755.175	741.380	721.820	703.447
	Heildarinnlán, ISK m	<b>588.759</b>	578.218	599.606	581.769	578.739
	Hlutfall innlána á móti útlánunum, %	<b>71,5%</b>	74,0%	76,9%	78,0%	78,4%

### Helstu atriði úr rekstri 1F2018

- Bankinn gaf í janúar út 300 milljóna evru skuldabréf á 75 punkta álagi yfir millibankavexti í evrum til 6 ára en með innköllunarheimild eftir 5 ár. Viðskiptin mörkuðu tímamót í rekstri Íslandsbanka en um var að ræða lengstu skuldabréfaútgáfu og bestu kjör erlendis sem íslensk fjármálastofnun hefur notið frá árinu 2008.
- Í febrúar kynntu Íslandssjóðir uppbyggingarfélagið 105 Miðborg til leiks sem mun reisa í samstarfi við fjárfesta, nýtt 42.000 fermetra borgarhverfi á Kirkjusandi á næstu árum.
- Á aðalfundi bankans í mars var samþykkt að greiða 13 milljarða króna af hagnaði ársins 2017 í arð til hluthafa en bankinn hefur þá greitt um 76 milljarða króna í arð til hluthafa frá árinu 2013.
- Góður gangur var í húsnæðislánum á fjórðungnum og uxu þau um 5% frá árinu á undan.



- Sjálfvirkur afgreiðslubúnaður bankans vegna umsókna um yfirdráttarheimild hefur samþykkt um 4.500 lánveitingar frá því hann var tekinn í notkun byrjun febrúar.
- Nýlega opnaði Íslandsbanki fyrir samstarf við nýsköpunarfyrirtæki um þróun á framtíðar fjártæknilausnum fyrir viðskiptavinum.

## Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Íslandsbanki hóf árið með áframhaldandi útlánavexti sem nam 2,8% frá áramótum, 1,4% aukningu í innlánnum og 5,1% stækkun efnahagsreiknings sem er nú um 1.088 milljarðar króna. Það var góður gangur í nýjum húsnæðislánnum sem uxu um 5% frá árinu á undan. Tekjur og þóknanir voru í takt við væntingar í móðurfélagi en 15% samdráttur varð í tekjum og þóknunum samstæðu miðað við sama tíma í fyrra vegna minni umsvifa hjá tveimur dótturfélögum.

Kostnaður er enn of hár hjá bankanum en 2,9% raunhækkun frá fyrra ári má að mestu má rekja til launakostnaðar vegna vinnu við nýtt innlána- og greiðslukerfi auk annarra samningsbundinna launahækkana. Við erum spennt að ljúka við innleiðingu kerfisins síðar á árinu sem mun ásamt nýju skipulagi, áframhaldandi hagræðingaraðgerðum, flutningi í nýjar höfuðstöðvar og skilvirku útibúaneti, leiða til hagkvæmari reksturs og lækkunar á kostnaði hjá bankanum.

Fjármögnun bankans hefur verið árangursrík það sem af er á árinu en við vorum með tvær vel heppnaðar erlendar skuldabréfaútgáfur, aðra að fjárhæð 300 milljónir evra (um 38 milljarðar íslenskra króna) á 75 punkta álagi yfir millibankavöxtum í evrum en hina að fjárhæð 1. milljarður sænskra króna (um 11,9 milljarðar íslenskra króna) á 80 punkta álagi ofan á 3 mánaða millibankavexti í sænskum krónum. Báðar útgáfur eru með innköllunarheimild sem er nýjung á markaði og mun hjálpa við stýringu á lausafjárhlutföllum bankans. Við höldum einnig áfram að vera leiðandi innanlands í útgáfu á sértryggðum bréfum og gáfum út fyrir 9,5 milljarða króna á fjórðungnum.

Í dag fer mestur hluti samskipta bankans við viðskiptavinum um stafræna miðla. Í takt við framtíðarsýn okkar um að vera númer eitt í þjónustu, þá höfum við haldið áfram að þróa nýjar stafrænar lausnir í tengslum við Íslandsbanka, Kass og Kreditkorta öppin okkar. Þar að auki kynntum við nýlega til sögunnar spennandi verkefni í tengslum við nýja evrópska tilskipun um greiðslumiðlun, PSD2 þar sem við ætlum að opna fyrir samstarf við þriðja aðila. Með þessu stígur Íslandsbanki mikilvægt skref í átt að bankaþjónustu framtíðarinnar með það í huga að mæta breyttu neyslumynstri viðskiptavina og hraðri þróun á markaði.

## REKSTRARREIKNINGUR

m.kr.	1F18	1F17	Δ	4F17	Δ	2017
Hreinar vaxtatekjur	7.740	7.397	343	7.338	402	29.999
Hreinar þóknatekjur	2.778	3.270	(492)	3.632	(854)	13.750
Hreinar fjármunatekjur	(283)	12	(295)	260	(543)	(715)
Hreinn gengismunur	(10)	201	(211)	81	(91)	527
Aðrar rekstrartekjur	13	160	(147)	122	(109)	628
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>10.238</b>	<b>11.040</b>	<b>(802)</b>	<b>11.433</b>	<b>(1.195)</b>	<b>44.189</b>
Laun og launatengd gjöld	(3.926)	(3.659)	(267)	(4.297)	371	(15.233)
Annar rekstrarkostnaður	(2.924)	(2.759)	(165)	(3.358)	434	(11.735)
Stjórnunarkostnaður	(6.850)	(6.418)	(432)	(7.655)	805	(26.968)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(292)	(253)	(39)	(288)	(4)	(1.083)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(785)	(720)	(65)	(614)	(171)	(2.892)
Rekstrargjöld samtals	(7.927)	(7.391)	(536)	(8.557)	630	(30.943)
<b>Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna</b>	<b>2.311</b>	<b>3.649</b>	<b>(1.338)</b>	<b>2.876</b>	<b>(565)</b>	<b>13.246</b>
Hrein virðisbreyting fjáreigna	88	240	(152)	969	(881)	1.556
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>2.399</b>	<b>3.889</b>	<b>(1.490)</b>	<b>3.845</b>	<b>(1.446)</b>	<b>14.802</b>
Tekjuskattur	(1.015)	(1.130)	115	(816)	(199)	(4.151)
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>1.384</b>	<b>2.759</b>	<b>(1.375)</b>	<b>3.029</b>	<b>(1.645)</b>	<b>10.651</b>
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádragnum tekjuskatti	713	285	428	83	630	2.575
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>2.097</b>	<b>3.044</b>	<b>(947)</b>	<b>3.112</b>	<b>(1.015)</b>	<b>13.226</b>



## Vaxtatekjur áberandi á fyrsta fjórðungi

Heildartekjur fyrsta ársfjórðungs 2018 voru 10,2 ma. kr. sem er lækkun um 7% frá 1F17 og er einkum tilkomin vegna lægri þóknana í dótturfélögum.

Hreinar vaxtatekjur voru 7,7 ma. kr. sem er hækkun um 4,6% frá sama tíma 2017. Vaxtamunur var 2,9% sem er sambærilegt við 1F17. Þess er vænst að vaxtamunur haldist rétt undir 3,0% til skamms og meðallangs tíma.

Hreinar þóknatekjur minnkuðu um 15% í 2,8 ma. kr. á 1F18 (1F17: 3,3 ma. kr.). Lækkunina má að mestu rekja til lækkunar á þóknatekjum í dótturfélögum bankans.

Tekjur af grunnstarfsemi (hreinar vaxta- og þóknatekjur) mynda að fullu heildarrekstrartekjur á fjórðungnum sem er í samræmi við áherslu bankans á grunntekjur og markmið um að viðhalda stöðugu tekjustreymi til lengri tíma.

Tap var á hreinum fjármunatekjum upp á 283 m.kr. á fjórðungnum samanborið við tekjur upp á 12 m.kr. á 1F17. Þessi liður samanstendur einkum af virðisbreytingum á hlutabréfaeign og viðskiptum með skuldabréf og hlutabréf. Þar fyrir utan var tap af gjaldeyrisviðskiptum 10 m.kr. á 1F18 samanborið við hagnað upp á 201 m.kr. á 1F17.

Aðrar rekstrartekjur sem samanstanda af leigutekjum, tekjum af þjónustusamningum og hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélag, námu 13 m.kr. á 1F18 (1F17: 160 m.kr.).

## Áhersla á lækkun kostnaðar

Bankinn heldur áfram að innleiða nýtt skipulag, taka upp nýjar alþjóðlegar reglur líkt og IFRS 9 og fjárfesta í nýjum upplýsingakerfum líkt og Sopra Banking Platform sem mun koma í stað núverandi greiðslumiðlunar og innlánakerfis. Kostnaður við hið síðastnefnda var stærsta orsök hækkunar á stjórnunarkostnaði um 7,3% (0,4 ma. kr.) frá 1F17 eða að raunvirði 2,9%.

Laun og launatengd gjöld hækkðu um 3,9 ma. kr. á 1F18 sem er 7% hækkun milli ára og má að mestu rekja til kostnaðar í tengslum við Sopra auk samningsbundinna launahækkana. Meðalfjöldi starfsmanna í fullu starfi í móðurfélagi var 852 (905 í des17), og 1.036 (1.075 í des17) í samstæðunni.

Kostnaðarhlutfall var 69,8% samanborið við 60,1% á sama tíma 2017, sem er yfir 55% langtímamarkmiði bankans. Bankaskattur og einskíptiskostnaður eru undanskilin við útreikning kostnaðarhlutfalls.

Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta var 0,7 ma. kr. samanborið við 0,3 ma. kr. á 1F17. Hagnaðinn má rekja til sölu dótturfélaga og tekna af aflagðri starfsemi. Bankinn hefur nú selt alla eignarhluti í félögum í óskyldri starfsemi.

## Virðisbreyting útlána

Hrein virðisbreyting útlána skilaði 88 m.kr. hagnaði á fjórðungnum samanborið við 240 m.kr. hagnað á 1F17. Virðisbreyting hefur haldist jákvæð vegna hagfelldra aðstæðna í efnahagslífinu.

## Skattar og gjöld hafa áfram áhrif á hagnað

Tekjuskattur fjórðungsins var 1,0 ma. kr. samanborið við 1,1 ma. kr. á 1F17. Virkur tekjuskattur var 42,2%, samanborið við 29,1% á 1F17 þegar óskattlagðar tekjur voru lægri. Bankaskatturinn var 0,8 ma. kr. á 1F18 (1F17: 0,7 ma. kr.). Bankaskatturinn jókst verulega árið 2013 sem tímabundin ráðstöfun nýlega var tilkynnt um að ríkisstjórnin hygðist lækka skattinn smám saman úr 0,376% í 0,145% á tímabilinu 2018-2023. Bankinn greiðir sérstakan 6% fjársýsluskatt á hagnað umfram 1 ma. kr. ásamt því að greiða framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, til Fjármálaeftirlitsins og til umboðsmanns skuldara. Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, 0,3 ma. kr., var sambærilegt við sama tíma 2017. Heildarskattar og gjöld voru 2,4 ma. kr. á 1F18, sem er sambærilegt við 1F17.

## Hagnaður fjórðungsins

Hagnaður eftir skatta var 2,1 ma. kr. (1F17: 3,0 ma.kr) og arðsemi eigin fjár 4,8% á fjórðungnum (1F17: 7,0%). Hagnaður af reglulegri starfsemi var 2,9 ma. kr. (1F17: 3,5 ma. kr) og var arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 15% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) 8,2% á fjórðungnum (1F17: 11,8%). Hagnaður minnkaði um 0,6 ma. kr, einkum vegna minni þóknatekna frá dótturfélögum.



## EFNAHAGSREIKNINGUR

### Eignir – áframhaldandi stöðugur vöxtur útlána til viðskiptavina og stærri efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur bankans stækkaði um 4,9% og var 1.088 ma. kr. í lok fyrsta ársfjórðungs 2018. Útlán til viðskiptavina jukust um 2,8% eða 21 ma. kr. á fjórðungnum. Útlánaaukninguna má einkum rekja til lána til stærri fyrirtækja og í minna mæli til einstaklinga. Þó jukust húsnæðislán um 4,2 ma. kr. frá árslokum 2017. Ný útlán voru 42,3 ma. kr. samanborið við 46,3 ma. kr. á 1F17, sem er 8,6% lækkun. Útlán til ferðaþjónustu hafa haldist óbreytt sem hlutfall af heildarlánasafninu frá árslokum 2017 eða um 13%.

Fasteignir eru ennþá mikilvægasta tegund trygginga bankans. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) húsnæðis lánasafns bankans var 63,2% í lok mars 2018 samanborið við 63,3% í árslok 2017. Veðsetningarhlutfall bankans var 15,8% í lok mars 2018 samanborið við 15,2% í árslok 2017.

Lausafjórðullust styrktust m.a. vegna minnkandi samþjöppunar í innlánnum. Þrír liðir, handbært fé og innstæður hjá SÍ, skuldabréf og skuldagerningar og útlán til lánastofnana nema samtals u.þ.b. 273 ma. kr., og af því eru 248 ma. kr. laust fé.

EIGNIR, m.kr.	31.3.2018	31.12.2017	Δ
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	177.029	189.045	-12.016
Skuldabréf og skuldagerningar	49.140	27.090	22.050
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	10.208	10.177	31
Afleiðusamningar	4.673	2.896	1.777
Útlán til lánastofnana	47.220	26.617	20.603
Útlán til viðskiptavina	776.149	755.175	20.974
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	672	704	-32
Rekstrarfjármunir	7.025	7.128	-103
Óefnislegar eignir	4.412	4.231	181
Aðrar eignir	10.732	9.993	739
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	1.048	2.766	-1.718
<b>Eignir</b>	<b>1.088.308</b>	<b>1.035.822</b>	<b>52.486</b>

### Skuldir – fjölbreytt fjármögnunarstefna

Heildarskuldir voru 922 ma. kr. sem er hækkun um 7,9% frá áramótum. Bankinn viðhélt sterkri lausafjórðullust og voru lausafjórðullust vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið. Í lok fjórðungsins var lausafjórðullust (LCR) bankans 158% fyrir samstæðuna. Hlutfall stöðugar fjármögnunar (NFSR) í erlendum gjaldmiðlum var 140% fyrir móðurfélagið og 116% fyrir samstæðuna.

Heildarinnlán jukust um 1,4% á fjórðungnum í 588,8 ma. kr. Innlán eru ennþá stærsti fjármögnunarliður bankans og er vel fylgst með samþjöppunaráhættu. Þessi hækkun er aðallega vegna innflæðis frá lífeyrissjóðum. Hlutfall innlána viðskiptavina gagnvart útlánnum til viðskiptavina lækkaði í 74,1% í lok fjórðungsins, samanborið við 75,1% í árslok 2017. Hlutfall innlána á móti útlánnum er 71,5% en búist er við að hlutfallið muni lækka jafnt og þétt á næstu árum í kjölfar afléttingar fjármagnshafta en markmið bankans er að halda því yfir 60%.



SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, m.kr.	31.3.2018	31.12.2017	Δ
Innlán SÍ og lánastofnana	13.563	13.563	2.374
Innlán viðskiptavina	575.196	575.196	8.167
Afleiðusamningar og skortstöður	8.104	8.104	2.612
Lántaka	269.255	269.255	51.507
Víkjandi lán	8.838	8.838	-667
Skattskuldir	7.908	7.908	121
Aðrar skuldir	39.028	39.028	3.081
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	79	79	-1
<b>Skuldir</b>	<b>921.971</b>	<b>921.971</b>	<b>67.194</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>166.337</b>	<b>166.337</b>	<b>-14.708</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>1.088.308</b>	<b>1.088.308</b>	<b>52.486</b>

Skuldabréfaútgáfa bankans jókst á fjórðungnum með útgáfu á víxlum og sértryggðum skuldabréfum á innlendum markaði auk erlendum útgáfum undir Global Medium Term Programme (GMTN) útgáfuramma bankans. Útgáfunum er ætlað að draga úr áhættu með því að auka fjölbreytni fjármögnunar. Útgáfa sértryggðra skuldabréfa nam 9,5 ma. kr. á fjórðungnum sem var í takt við útgáfuáætlun bankans og er hann áfram stærsti útgefandinn á slíkum bréfum.

Í janúar 2018 gaf Íslandsbanki út skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra (um 38 milljarðar íslenskra króna) til 6 ára með innköllunarheimild af hálfu útgefenda eftir 5 ár (6NC5). Bréfið ber 1.125% fasta vexti sem jafngildir 75 punkta álagi yfir millibankavexti í evrum. Fjórðöld eftirspurn var eftir útgáfunni sem nam 1.255 milljónum evra frá 121 fjárfesti. Skuldabréfin voru seld til fjölbreytts hóps fjárfesta, m.a. frá Bretlandi, meginlandi Evrópu, Norðurlöndunum og Asíu og voru bréfin skráð í Kauphöllina á Írlandi. Viðskiptin mörkuðu tímamót í rekstri Íslandsbanka en um er að ræða lengstu skuldabréfaútgáfu og bestu kjör erlendis sem íslensk fjármálastofnun hefur gefið út frá árinu 2008. Einnig í janúar 2018, þá gaf bankinn út þrjú skuldabréf, hvert að fjárhæð 100 milljónir sænskra króna undir GMTN útgáfurammanum.

### Eigið fé


Heildar eigið fé bankans var 166,3 ma. kr. í lok mars 2018 samanborið við 181 ma. kr. í árslok 2017. Þar af er hlutdeild minnihluta 2,4 ma. kr. Nafnvirði hlutabréfa bankans var 10 ma. kr. í lok fjórðungsins 2018 og hlutafé var 65 ma. kr.

Eiginfjárlutfall bankans var 21,4%, í lok mars 2018 samanborið við 24,1% í árslok 2017, sem er umfram markmið bankans um 20,3 – 21,3%. Eiginfjárlutfall þáttar 1 (Tier 1) var 20,3% í lok fjórðungsins samanborið við 22,6% í lok árs 2017. Fjármálaeftirlitið (FME) setur kröfur um lágmarkseiginfjárlutfall upp á 19,8%.


Fyrir ári síðan kynnti bankinn í fyrsta sinn til sögunnar nýtt langtíma eiginfjárlagsmarkmið. Þetta markmið byggir á innra matsferli fyrir eiginfjárpörf (ICAAP) og könnunar- og matsferli (SREP). Það gerir ráð fyrir að bankinn viðhaldi kröfu um eigið fé sem er 0,5 - 1,5% hærra en SREP krafan gerir ráð fyrir til að tryggja það að skammtímaflökt valdi því ekki að hlutfallið fari niður fyrir kröfu regluverksins. Eiginfjárlagsmarkmiðið styður við stefnu bankans og gerir ráð fyrir breytingum eða óvissu í rekstrarumhverfinu. Það getur breyst með tímanum og endurspeglar breytingar í áhættustýringu, stefnu bankans og ytra umhverfi. Byggt á SREP ferli síðasta árs er langtíma eiginfjárlagsmarkmið bankans 20,3 – 21,3%. Nýlega tilkynnti Fjármálastöðugleikaráð samþykkt um að beina tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að sveiflujöfnunarauki yrði hækkaður um 0,5 prósentustig, í 1,75% á tímabilinu 2018-2023. Sú hækkan mun taka gildi ári eftir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.




### VOGUNARHLUTFALL (%)



### EIGINFJÁRHUTFÖLL (%)



### ÁHÆTTUVEGNAR EIGNIR Á MÓTI HEILDAREIGNUM (%)



Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættuvegnar eignir sem námu 795,9 ma. kr. í lok mars 2018, eða 73,1% af heildar eignum, sem er hófleg aukning um 2,6% á milli ára. Vogunarhlutfall í lok fjórðungsins var 14,3%, samanborið við 16,2% við árslok 2017, sem telst hóflegt.

### Arðgreiðslur

Arðgreiðslustefna Íslandsbanka er að greiða 40-50% af hagnaði eftir skatt til hluthafa. Vegna rúmrar eiginfjárstöðu bankans var samþykkt að aðalfundi Íslandsbanka, þann 22. mars 2018, að 13 milljarðar króna af hagnaði ársins 2017 yrðu greiddir í arð til hluthafa. Bankinn hefur nú greitt um 76 milljarða króna til hluthafa í arð frá árinu 2013. Einnig var samþykkt að stjórn bankans mætti kalla til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára kann að vera lögð fram.

### Lánshæfismat

Íslandsbanki er eini íslenski bankinn með lánshæfismat frá tveimur alþjóðlegum lánshæfismatsfyrirtækjum, Fitch Ratings og S&P Global Ratings.

Í janúar 2017 hækkaði Fitch Ratings lánshæfismat Íslandsbanka í BBB/F3 með stöðugum horfum og staðfesti matið í desember.

Í júní 2017 hækkaði S&P lánshæfismat íslenska ríkisins í A, vegna afnáms gjaldeyrishafta og lækkandi skuldastöðu.

Í október 2017 hækkaði S&P lánshæfismat Íslandsbanka í BBB+/A-2 með stöðugum horfum.

## FJÁRFESTATENGLS

### Símafundur á ensku kl. 13:00

Markaðsaðilum er boðið upp á símafund á ensku í dag miðvikudaginn 9. maí kl. 13:00. Farið verður yfir helstu atriði í íslenskum efnahagsmálum og afkomu bankans.

Vinsamlegast skráið ykkur á símafundinn með að senda póst á [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is). Fundargögn og aðgangsorð vegna símafundar verða send út til skráðra aðila fyrir fundinn.

### Frekari upplýsingar

Öll gögn má finna hér:

<https://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/>

### Fjárhagsdagatal og þögul tímabil

[Upplýsingar um fjárhagsdagatal bankans og þögul tímabil má finna á vef fjárfestatengsla.](#)

### Fjárhagsdagatal

#### Stefnt er að birtingu árs- og árshlutauppgjörs á neðangreindum dagsetningum:

- Árshlutauppgjör 2F 2018 - 2. ágúst 2018
- Árshlutauppgjör 3F 2018 - 8. nóvember 2018
- Ársskýrsla og ársreikningur 2018 - 14. febrúar 2019

Athugið að dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.